

Verkefnasamningur Héraðssambands Vestfirðinga og Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði og Héraðssamband Vestfirðinga kt. 490500-3160, hér eftir nefnt HSV, Suðurgötu 12, 400 Ísafirði, gera með sér svohljóðandi verkefnasamning:

1. gr.

Markmið og verkefni

Ísafjarðarbær felur HSV að taka að sér skilgreind verkefni á vegum sveitarfélagsins til að renna enn styrkari stoðum undir íþrótt- og æskulýðsstarfsemi á vegum HSV.

HSV samþykkir að taka að sér verkefni þau er getið er um í fylgiriti með samningnum. HSV ber ábyrgð á því að verkefnin séu unnin og ber Ísafjarðarbæ að koma öllum athugasemdum er varða verkefnin til framkvæmdastjóra HSV. Fyrir árlega endurskoðun skilar HSV skýrslu til Ísafjarðarbæjar um þau verkefni sem unnin hafa verið á árinu.

Ísafjarðarbær getur falið HSV að vinna önnur verkefni en tilgreind eru í fylgiritinu sé HSV samþykkt því. Aðilar munu semja sérstaklega um greiðslur fyrir slík verkefni.

2. gr.

Upphæðir og greiðsla

Ísafjarðarbær greiðir HSV kr. 8.000.000,- árlega í jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Upphæðin skal verðbætast frá 1. janúar ár hvert með neysluverðsvísitölu til verðtryggingar frá upphafsdegi. Grunnvísitala samnings er 513,0 stig í janúar 2022.

HSV skal skila reikningum rafrænt á XML-formi í gegnum skeytamiðlara til Ísafjarðarbæjar fyrir 10. hvers mánaðar. Ísafjarðarbær mun greiða samþykkt reikninga eigi síðar en 20. hvers mánaðar.

3. gr.

Umsjón og ráðstöfun framlags Ísafjarðarbæjar

Með samningi þessum felur Ísafjarðarbær HSV að hafa umsjón með þeim verkefnum sem getið er um í 1.gr.

Stjórn HSV sér um að ráðstafa verkefnum og fjárhæðum þeim tengdum á milli félaga með tilliti til umfangs barna- og unglingastarfs þeirra, enda hafi HSV eftirlit með því að slíkt starf fari fram hjá viðkomandi félögum.

HSV skal undirrita verkefnasamninga við aðildarfélög sín þar sem þeim eru falin þau verkefni er getið er í fylgiriti samningsins.

4.gr.

Gildistími

Gildistími samnings þessa er 1. janúar 2022 til og með 31. desember 2025.

5. gr.
Önnur atriði

Tengiliður Ísafjarðarbæjar er sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.
Tengiliður HSV er framkvæmdastjóri HSV.

Uppsögn samnings þessa skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti. Uppsagnarfrestur af hálfu beggja aðila er þrír mánuðir.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.
Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Ísafjörður, 25. apríl 2022

F.h. Héraðssambands Vestfirðinga

F.h. Ísafjarðarbæjar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun
